


Umhverfisstofnun  
Guðmundur B. Ingvarsson  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík



Reykjavík, 27. nóvember 2013  
Tilvísun: 201311024/,

---

**Efni: Umsögn Skipulagsstofnunar um endurnýjun starfsleyfis fyrir sorpurðun á Skógarsandi á vegum Byggðarsamlagsins Hulu**

---

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar dags. 5. nóvember 2013 þar sem óskað er eftir umsögn Skipulagsstofnunar um tillögu að starfsleyfi fyrir urðunarstað á Skógasandi í Rangárþingi eystra.

Í gögnum málsins kemur fram að um sé að ræða endurnýjun starfsleyfis þar sem gert er ráð fyrir því að heimilt verði að urða allt að 400 t á ári líkt og verið hefur. Fram kemur að mat á umhverfisáhrifum urðunarstaðarins fór fram árið 1998 og lauk með úrskurði Skipulagsstofnunar dags. 16. apríl 1998 þar sem fallist var á framkvæmdirnar.

Í tillögu að starfsleyfi kemur fram að heimilt verði að urða úrgang sem hefur verið meðhöndlaður og flokkast ekki sem spilliefni og óvirkan úrgang sem telst tækur til urðunar. Þess utan verði heimilt að reka söfnunarstöð fyrir hættulitlum almennum úrgangi frá almenningi og smærri fyrirtækjum.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir erindið og boríð saman við upplýsingar úr matsskýrslu og úrskurði frá því að umhverfisáhrif framkvæmdanna voru metin. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við tillögu að starfsleyfi fyrir sorpurðun Hulu á Skógarsandi.



Sigurður Ásbjörnsson